



Borgarráð

Reykjavík 20. júlí 2021  
R20070145  
USK2020070088

### **Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um öryggisatriði í samningi um framtíð Reykjavíkurflugvallar - Umsögn**

Vísað er í bréf frá skrifstofu borgarstjórnar dags. 24.07.2020 þar sem óskað var umsagnar um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um öryggisatriði í samningi um framtíð Reykjavíkurflugvallar sem lögð var fram í borgarráði 23. júlí 2020.

„1. Er búið að setja upp aðflugsljós/lendingarljós fyrir flugbraut 13 sem kveðið er á um í samningi ríkisins, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group, frá árinu 2013?  
2. Isavia hefur farið þess á leit við NLR/Hollensku flug- og geimferðastofnunina, að framkvæma hermun á áhrifum fyrirhugaðrar byggðar í Skerjafirði á vindsveipi á og yfir Reykjavíkurflugvelli með tilliti til flugöryggis. Mun borgarstjórn tryggja öryggi flugumferðar ef það þýðir frestun eða breytingu byggðar í Skerjafirði?  
3. Hefur verið staðið við að fella tré í Öskjuhlíð í þágu flugstarfseminnar sem kveðið er á í samningnum? 4. Í samningnum fellst opin heimild til fellingu trjá – er endurmat gert á hverju ári um fellingu svo tré í Öskjuhlíð trufla ekki flugvallarstarfsemi? 5. Hefur það verið skoðað hvort fella þurfi aspir sem eru við enda flugbrautarinnar og eru á bílaplani HR þar sem flugmenn hafa kvartað yfir því að þær trufla flugstarfsemi flugvallarins?“

#### Umsögn.

1. Deiliskipulag fyrir aðflugsljós fyrir Reykjavíkurflugvöll sunnan Starhaga var samþykkt í borgarráði 22.12.2016. Ljósín eru byggingaleyfisskyld en ekki hefur borist erindi vegna byggingaleyfis aðflutningsljósa.
2. Þessari spurningu er beint til borgarstjórnar.
3. Felling trjáa í samræmi við samkomulagið frá 19. apríl 2013 var undirbúið á haustdögum 2016 í samvinnu við Isavia. Eftir ármótin voru 155 tré felld.
4. Það er ekki áætlað að þörf sé á svona umfangsmiklum fellingum ef fylgst er með reglulega. Virkt samtal hefur verið milli stjórnenda flugvallarins og umhverfis- og skipulagssviðs og í vetur voru felld nokkur tré.
5. Nokkrar aspir voru felldar líklega 2017 í Hljómskálagarði við Njarðargötu. Nokkrar aspir voru felldar í vetur sem leið. Aspir á bílastæði við HR hafa ekki borið á góma í samtölum við Isavia.

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs,

  
Þóroldur Jónsson

deildarstjóri náttúru og garða